

Fundargerð.

Fundur haldinn í skólamálaráði 02.07.02.

Mætt: Siggeir Stefánsson, Esther Ágústsdóttir, Sólveig Óladóttir, Axel Gunnarsson, Heiðrún Óladóttir, Elfa Benediktsdóttir, Sóley Vífilisdóttir og Mirjam Blekkenhorst.

Formaður bauð fundarmenn og aðra velkomna.

1. Nýkjörið skólamálaráð kom saman til fundar í grunnskólanum á Þórshöfn. Byrjað var að skipta með sér störfum. Siggeir er kjörinn formaður af hreppsnefndinni. Sólveig er kjörin varaformaður og Mirjam ritari. Aðrir aðalmenn eru Axel fyrir Þórshafnarhrepp og Elfa fyrir Svalbarðshrepp. Til vara eru: Guðrún Helgadóttir, Hulda Sigurðardóttir, Kristinn Lárusson og Agnieszka T. Dabraowska. Farið yfir fundarstjórn, formaður stjórnar fundum.

2. Skólastjóri las upp bréf um væntingar skólans til foreldranna. Tilgangur er að virkja foreldrana til að taka þátt í skólastarfinu.

3. Rædd voru ráðingarmál.

Skólastjóri leggur áherslu á stærðfræði og tölvukennslu. Það vantar kennara í þessum greinum einnig íslensku og öðrum tungumálum. Engar ákvarðanir teknar núna um ráðningu. Esther gerir skóladagatal fyrir næsta fund og falið að koma með tillögu að ráðningu.

4. Tónlistarskólinn verður aftur deild innan grunnskólans.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Mirjam Blekkenhorst, ritari.

Fundargerð.

Fundur haldinn í skólamálaráði 09.07.02.

Mætt: Siggeir, Esther, Axel, Sólveig, Heiðrún, Elfa, Sóley og Mirjam.

1. Umræður um kennslufyrirkomulag.

Það vantar kennara í upplýsingatækni fyrir 3.-9. bekk. Í dönsku og ensku í 8.-10. bekk og í lífsleikni á unglíngastigi. Ráða þarf stuðningsfulltrúa í eina stöðu.

2. Tónlistarkennari frá Eistlandi hefur haft samband við sveitarstjóra, hún er útskrifuð frá tónlistarakademíu Litháens og vill hún ráða sig til lengri tíma í tónlistarkennslu. Lagt er til að ráðinn yrði túlkur með henni eins lengi og þörf krefur. Skólamálaráð mælir með því að þessi kona verði ráðin, einnig að hún fari strax í íslenskunám.

3. Skólamálaráð mælir með ráðningu Stefáns Mús í íþróttá- og sundkennslu, hann kemur 21. okt. en annar kennari verður ráðinn þangað til.

4. Esther sér um að auglýst verði eftir starfsfólki einu sinni enn.

5. Punktur frá Sóley, ath. áhuga fyrir skóladagheimili. Eitthvað hefur verið beðið um þessa þjónustu.

6. Ath. hvernig fólki líkaði styttri hádegishlé.
7. Umræður um sjoppuferðir og símanotkun innan skólans og á skólalóðinni.
8. Hugmynd um að taka upp morgunmat í mötuneytinu var varpað fram.

Fleira ekki gert, fundi slitið.
Mirjam Blekkenhorst, ritari.

Fundargerð.
Fundur haldinn í skólamálaráði 16.07.02.

Mætt: Siggeir, Esther, Axel, Sólveig, Heiðrún, Elfa og Mirjam.

1. Skólastjóri sagði frá því að Ave Sillaots frá Eistlandi verði ráðin tónlistarkennari. Þeirri hugmynd var komið á framfæri að tónlistarkennarinn yrði einn dag í viku staðsettur í Svalbarðskóla. Einnig voru menn sammála um að góð hugmynd væri að kennt yrði á blokkflautu í 6 ára bekk. Ef til vill gæti þar með skapast áhugi hjá börnunum um að halda áfram.
2. Skólastjóri kynnti spurningalista fyrir skólaárið 2002 / 2003, sem send verður inn á heimilin, varðandi morgunmat, matartíma, skóladagvist ofl.
3. Umræður voru um skóladagvist fyrir börn 6 - 9 ára.
4. Tölvumál skólans rædd, ákjósanlegast væri að starfsmaður innan skólans gæti sinnt rekstri þeirra.
5. Brunavarnakerfi skólans er ófrágengið. Það þyrfti að ganga frá því og halda brunavarnaræfingar árlega.

Fleira ekki gert, fundi slitið.
Mirjam Blekkenhorst, ritari